

**Ríkiskaup**  
09 905

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>3</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>4</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>5</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Ríkiskaup**

**kt. 660169-4749**

**Borgartúni 7c**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkiskaup eru miðlæg innkaupastofnun á vegum ríkisins sem skulu með gagnsæjum og hagkvæmum hætti annast innkaup fyrir ríkisstofnanir, rannsaka sameiginlegar þarfir fyrir vörur og þjónustu, beita sér fyrir sameiginlegum innkaupum til þarfa ríkisins og stuðla að þróun skilvirkra innkaupakerfa. Einnig skal stofnunin láta í té aðstoð og leiðbeiningar um útboð og innkaup eftir því sem þörf krefur.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu var ársveltan kr. 1.970,7 milljónir og afkoma kr. 14,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 26,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 206,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkiskaupa í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkiskaupa fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Björgvin Víkingsson  
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	126.700.000	125.500.000
Seld þjónusta .....	3	246.687.708	218.824.896
Vörusala .....	4	1.597.257.798	1.621.710.673
Framlög og ýmsar tekjur .....		24.800	490.023
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.970.670.306</b>	<b>1.966.525.592</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	303.447.626	294.647.990
Annar rekstrarkostnaður .....	6	1.640.170.469	1.675.132.502
Afskriftir .....	7	6.676.537	7.101.628
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.950.294.632</b>	<b>1.976.882.120</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>20.375.674</b>	<b>(10.356.528)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		1.570.995	3.916.164
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	8	(7.901.031)	(1.690.665)
		(6.330.036)	2.225.499
<b>Afkoma ársins</b>		<b>14.045.638</b>	<b>(8.131.029)</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	9	<u>8.258.078</u>	<u>10.255.062</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður .....		8.724.309	8.761.377
Aðrar eignir .....		<u>120.051</u>	<u>0</u>
		<u>8.844.360</u>	<u>8.761.377</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>17.102.438</u>	<u>19.016.439</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		22.300.327	59.088.954
Tengdir aðilar .....	11	(11.390.186)	42.180.513
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		3.039.284	4.130.536
Handbært fé .....		<u>175.136.513</u>	<u>84.434.629</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>189.085.938</u>	<u>189.834.632</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>206.188.376</u>	<u>208.851.071</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		<u>26.320.871</u>	<u>(9.459.152)</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>26.320.871</u>	<u>(9.459.152)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	11	8.152.607	118.559.555
Viðskiptaskuldir .....		142.167.379	68.971.320
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	<u>29.547.519</u>	<u>30.779.348</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>179.867.505</u>	<u>218.310.223</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>206.188.376</u>	<u>208.851.071</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		14.045.638	(8.131.029)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	6.676.537	7.101.628
		<u>20.722.175</u>	<u>(1.029.401)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		37.879.879	5.362.109
Tengdir aðilar .....		(35.101.864)	52.245.151
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		71.964.230	(61.119.929)
		<u>74.742.245</u>	<u>(3.512.669)</u>
		<u>95.464.420</u>	<u>(4.542.070)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....		(992.654)	(7.419.862)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	10	(3.769.882)	(4.107.990)
		<u>(4.762.536)</u>	<u>(11.527.852)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		90.701.884	(16.069.922)
		<u>84.434.629</u>	<u>100.504.551</u>
		<u>175.136.513</u>	<u>84.434.629</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

### Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.



## Skýringar

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í yfirlit um afkomu að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	126.700.000	125.500.000
	<u>126.700.000</u>	<u>125.500.000</u>

### Yfirlit um breytingar á fjárveitingum og staða þeirra í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	126.800.000	0	0	126.800.000
Fjáraukalög .....	(100.000)	0	0	(100.000)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>126.700.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>126.700.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(112.654.362)	0	0	(112.654.362)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>14.045.638</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>14.045.638</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	131.175.740	127.613.249
Umboðs- og sölulaun .....	105.755.339	82.103.281
Verksala .....	0	174.110
Ýmsar þjónustutekjur .....	9.756.629	7.709.756
Fræðslustarfsemi og fundir .....	0	1.224.500
	<u>246.687.708</u>	<u>218.824.896</u>

### 4 Vörusala

Vörusala II .....	248.011	136.220
Vörusala, umboðs- og endursala .....	1.597.009.787	1.621.574.453
	<u>1.597.257.798</u>	<u>1.621.710.673</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	242.616.580	233.305.454
Orlof, breyting .....	2.554.454	1.958.887
Launatengd gjöld .....	55.842.256	54.218.567
Starfsmannakostnaður .....	2.434.336	5.165.082
	<u>303.447.626</u>	<u>294.647.990</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	25,1	24,5

## Skýringar

	2020	2019
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	405.753	613.140
Ýmis tæki og áhöld .....	231.054	469.837
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	0	7.355
Orkugjafar .....	679.327	743.807
Matvæli .....	3.162.616	4.135.791
Almennar rekstrarvörur .....	249.422	1.245.139
Vörukaup, almenn	4.728.172	7.215.069
Fundir, námskeið, risna .....	927.842	3.361.589
Ferðir, uppihald .....	231.090	2.957.865
Akstur .....	434.515	724.903
Sérfræðipjónusta .....	28.088.614	23.404.805
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	263.864	297.403
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	9.942.614	6.682.278
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.731.411	10.057.874
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	42.619.950	47.486.717
Afnotagjöld .....	24.754.653	19.092.339
Leigugjöld .....	21.417.216	21.584.276
Notkun véla og flutningatækja .....	181.784	186.128
Verkkaup .....	670.597	3.531.790
Kostnaðarhlutdeild .....	1.957.344	2.771.519
Tryggingar, lögboðnar .....	230.520	535.283
Opinber gjöld .....	508.423	414.813
Tilfærslur .....	5.000	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	49.725.537	48.116.148
Vörukaup I .....	5.006	2.198
Vörukaup II .....	492.595	0
Vörukaup, umboðs- og endursala .....	1.542.599.209	1.572.312.370
Vörur til endursölu og birgðabreyting	1.543.096.810	1.572.314.568
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.640.170.469	1.675.132.502
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.p.h. ....	3.665.514	4.491.253
Lækninga- og rannsóknartæki .....	17.408	17.408
Aðrar eignir .....	3.977	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	2.989.638	2.592.967
	6.676.537	7.101.628
<b>8 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap</b>		
Fjármagnskostnaður .....	34	0
Gengistap, endurmat .....	7.900.997	1.690.665
	7.901.031	1.690.665

## Skýringar

### 9 Óefnislegar eignir

	31.12.2020	31.12.2019
Óefnislegar eignir .....	8.258.078	10.255.062
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2020:		<b>Hugbúnaður</b>
Stofnverð 1.1.2020 .....		13.306.379
Viðbót á árinu .....		992.654
		<u>14.299.033</u>
Niðurfært 1.1.2020 .....		3.051.317
Niðurfærsla ársins .....		<u>2.989.638</u>
Staða 31.12.2020 .....		<u>8.258.078</u>

### 10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	31.12.2020	31.12.2019
Áhöld, tæki og búnaður .....	8.724.309	8.761.377
Aðrar eignir .....	120.051	0
	<u>8.844.360</u>	<u>8.761.377</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	28.022.770	0	28.022.770
Viðbætur á árinu .....	3.645.854	124.028	3.769.882
Selt/niðurfært á árinu .....	0	0	0
	<u>31.668.624</u>	<u>124.028</u>	<u>31.792.652</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....	19.261.393	0	19.261.393
Afskrift ársins .....	3.682.922	3.977	3.686.899
	<u>22.944.315</u>	<u>3.977</u>	<u>22.948.292</u>
Staða 31.12.2020 .....	<u>8.724.309</u>	<u>120.051</u>	<u>8.844.360</u>

### 11 Tengdir aðilar

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	379.156	0
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	(11.769.342)	42.180.513
	<u>(11.390.186)</u>	<u>42.180.513</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	87.661.724
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	8.152.607	30.897.831
	<u>8.152.607</u>	<u>118.559.555</u>

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>12 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum; <b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1 .....	(9.459.152)	(1.328.123)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	21.734.385	0
Afkoma ársins .....	14.045.638	(8.131.029)
Jöfnuður 31.12 .....	<u>26.320.871</u>	<u>(9.459.152)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	29.547.519	26.993.065
Ógreidd laun .....	0	768.093
Önnur ógreidd gjöld .....	0	125.482
Skattar .....	0	2.892.708
	<u>29.547.519</u>	<u>30.779.348</u>

### 14 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsnæði. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 22,2 milljónum.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningsskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2020, kr. 1 milljón, er gjaldfærð meðal launa.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

#### Óafturkallanleg loford

Á ekki við

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Á ekki við